



DEKKJAHÚSIÐ.IS

FRÁBÆRT ÚRVAL AF VETRARDEKKJUM

TILBOÐ Á UMFELGUN

Fólksbílar **5.490,-** | Jepplingar **6.490,-** | Jeppar **8.490,-**



Dekkjahúsið



Dalbrekku 17, Kópavogi
Sími: 55 33 100
dekkjahusid@dekkjahusid.is
30 ára reynsla og þekking

18. OKTÓBER 2014 • 38. tölublað 5. árgangur

REYKJAVÍK

VÍKUBLAÐ



Alþjóðastofnun fylgist með kæru aðstoðarmanns ráðherra á hendur blaðamönnum:

ÖSE fylgist með lekamálinu

Skrifstofu ÖSE er kunnugt um málið og fylgist með því,“ segir talsmaður Dunju Mijatović, erindreka Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu um fjölmiðlafrelsi. Reykjavík vikublað sendi henni fyrirspurn vegna stefnu Þóreyjar Vilhjálmsdóttur, aðstoðarmanns Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra,

gegn blaðamönnum DV. Talsmaðurinn segir hins vegar að stofnunin muni ekki tjá sig efnislega um málið að sinni, þar sem því sé ekki lokið.

Þórey stefndi blaðamönnum fyrir dóm vegna skrifa um lekamálið, en fullt var í einni fréttu blaðsins að Þórey væri svonefndur „starfsmaður B“. Svo er ekki.

Baðst DV afsökunar á þessu, meðal annars með því að senda út fréttatilkynningu þar sem mistökin voru leiðrétt. Í stefnunni fer pólitískur aðstoðarmaður Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, innanríkisráðherra, fram á fangelsisdóm vegna skrifa blaðamanna af sakamáli sem tengist skrifstofu ráðherrans.

Sjá umfjöllun bls. 10-11.

TAX-FREE

FÖSTUDAG-LAUGARDAG-MÁNUDAG



ÍSLENSKIR SÓFAR SNIÐNIR AÐ ÞÍNUM ÞÖRFUM




Torino tunga 4H2
Verð frá 444.444 kr



Havana 2H2
Verð frá 299.120 kr



MÁL OG ÁKLÆÐI AÐ EIGIN VALI



Dallas tunga 2
Verð frá 227.920 kr




Milano 3
Verð frá 148.720 kr

Opið virka daga kl. 10-18
laugard. 11-16

Patti
HÚSGÖGN

Bildshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is



Valhöll er komin aftur!

Ótrúlegt verð á millistífri heilsudýnu

Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi, gæðabólstrun, góð nýting á svefnflötum. Hægt að snúa.



20%
afsláttur af lökum og hlífðardýnum við dýnukaup.

Fimm stjörnu verslun

12 mán.
vaxtalauser greiðslur*

Gerðu gæða- og verðsamanburð

Verðdæmi:
Með PU leðurbotni og eikarfótum stgr.

Stærð	Verð
100x200	74.900 kr.
120x200	79.900 kr.
140x200	89.900 kr.
160x200	104.900 kr.
180x200	114.900 kr.

* 3 5% lántökugjald



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

Svefn & heilsa
★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Þingmenn leggja til styttri vinnuviku:

Fólk myndi fá heilan mánuð

Björn Lévi Gunnarsson og Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmenn Pírata, og Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, hafa lagt fram frumvarp á Alþingi um að vinnudagurinn verði stytur um klukkustund.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir 7 stunda vinnudegi, frá mánu-degi til föstudags, sem skilgreindur verði sem dagvinna. Vinnuvikan verði 35 stundir, í stað 40 nú.

Í greinargerð segir að þótt vinnustundum hafi fækkað hérlendis á undanförunum árum komi Ísland illa út í alþjóðlegum mælingum á jafnvægi milli vinnu og frítíma. Landið sé í 27. sæti af 36 þjóðum OECD. Heildarvinnutími hér sé þó rétt undir meðaltali OECD landa, þar sem sumarleyfi hér séu í lengra lagi, en



vinnudagarnir langir að sama skapi. Hins vegar vinni Íslendingar um 300 klukkustundum meira að jafnaði en Hollendingar, sem eru í efsta sætinu á lista OECD. Verði þessi tillaga þingmannanna að lögum má ætla að það dragi úr heildarvinnutíma um 230 stundir á ári. Það jafngildir rúmum 28 átta heilum vinnudögum, sé miðað við átta stundir á dag.

Í greinargerð þingmannanna er einnig bent á að stungið hafi verið upp á mun róttækari aðgerðum í þessum efnunum: Sex stunda vinnudegi og jafnvel fjögurra stunda.

Írskt fyrirtæki vill reisa vatnsverksmiðju í Hafnarfirði:

Íslendingur í hópi hluthafa

Írskt fyrirtækið Aqua Couture Ltd. vill reisa átöppunarverksmiðju í Hafnarfirði með vatni úr vatnsbólum Hafnarfirðinga í Kaldárbotnum. Rússnesk bandaríski auðmaðurinn Alexander Titomirov er á bak við írsku félagið en einn Íslendingur er einnig í hópi hluthafa.

Umhverfis- og framkvæmdaráð hefur samþykkt fyrir sitt leyti viljayfirlýsingu við írsku félagið en samkvæmt henni fær Aqua Couture Ltd. einkarétt á vatni úr einni æð úr Kaldárbotnum í 25 ár. Hafnarfjörður mun eiga bæði vatnsból og leiðslur. Eftir á að ræða peningabáttinn.

Aqua Couture segist vilja reisa átöppunarverksmiðju fyrir vatnið í Hafnarfirði. Þetta geti haft í för með sér atvinnutækifæri og lofað er að hlýta öllum kröfum í umhverfismálum. Samningum á að ljúka fyrir áramót.

Innan við árs gamalt

Aqua Couture var stofnað á Írlandi 26.

nóvember í fyrra. Stjórnendur og helstu eigendur eru Titomirov og Melody Sanger. Þau eru bæði skráð á Flórída í Bandaríkjunum og hafa hvorugt áður stýrt fyrirtækjum á Írlandi. Auk þeirra eru skráðir hluthafar Bruno Delahaye í Frakklandi, Michael McNamara í Mónakó og Davíð Stefánsson, sem skráður er til heimilis í Reykjavík.

Hlutfé í Aqua Couture nemur 121 þúsund evrum, eða sem nemur um 18 milljónum króna. Á Davíð rúm fjögur prósent hlutfjár.

Vatnsdraumar sem ekki rættust

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Íslendingar gera áætlanir um að selja vatn til erlendra aðila. Um mitt ár 2008 ræddu Hafnarfirðingar við fyrirtækið Glacier World ehf., um vatnsverksmiðju. Sádi-arabískir fjárfestar voru þar á ferð, en ekkert varð af framkvæmdum. Þá var hugmyndin

að fyrirtækið keypti vatnið eins og aðrir, en hagur bæjarins yrði af auknum umsvifum í bænum fyrst og fremst. Flestum er kunnugt um vatnsverksmiðju Ottós Spork á Snæfellsnesi sem ekki er enn risin. Þá stóð til fyrir nokkrum árum að gera vatnsverksmiðju á Ísafirði.

Íslandsvinur?

Alex Titomirov, annar stærstu hluthafanna í Aqua Couture, er þekktur auðmaður. Hann fæddist árið 1960 í Rússlandi en flutti seinna til Bandaríkjaanna þar sem hann hefur aðsetur. Hann auðgaðist af líftækniíðnaði. Titomirov er ekki ókunnur Íslandi. Hann kom hingað til lands árið 2005 í fylgd með skákmeistararum Boris Spassky til þess að hitta Bobby Fischer. Meðal annars ræddi hann við fréttastofu Rúv um hugsanlegt skákmót, byggðu á sérstöku skákafbrigði Fischers, en ekkert varð af framkvæmdum.

Fengu óskina uppfyllta

Borgarráð hefur samþykkt að beita sér fyrir því að minnihlutinn í borgarstjórn Reykjavíkur fái sérstaka fulltrúa í stjórnun byggðasamlaga á höfuðborgarsvæðinu.

Sjálfstæðismenn óskuðu eftir því að minnihlutinn fengi fulltrúa í stjórn Sorpu og sagði Halldór Halldórsson, oddviti þeirra í Reykjavík, að helst ætti fulltrúi flokksins að skipa sætið.

Flestir íbúar á höfuðborgarsvæðinu búa í Reykjavík en hvert og eitt sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu á fulltrúa í

stjórninni. Allir nema fulltrúi Reykjavíkur eru úr Sjálfstæðisflokknum og er nú viðbúið að reykviskum sjálfstæðismönnum verði að ósk sinni og þar fjölgi enn um einn úr þeirra röðum.

Einnig var samþykkt í borgarráði að minnihlutinn fengi fulltrúa í stjórn Strætó bs. Þar hefur verið heldur fjölbreyttari fulltrúaskipan, með tilliti til stjórnmalaflokka.

Samband sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu mun í framhaldinu fjalla um málið.

Ranghugmyndir og mannréttindi

Það er mikilvægt að láta ekki ranghugmyndir hafa áhrif á það hvort við virðum mannréttindi fólks á Íslandi, hvort sem hugmyndir okkar eru komnar frá íslensku stjórnmalafólki að koma sér á framfæri eða einhverjum erlendum hasarfréttavefsíðum,“ segir Margrét Valdimarsdóttir, doktorsnemi í afbrotafraeði við City University of New York í Bandaríkjunum í grein hér

í blaðinu þar sem hún fjallar um Íslam og ofbeldi gegn konum. „Ég er engin sérstakur talsmaður íslamstrúar, ég hef aldrei lesið kóraninn og veit í raun lítið út á hvað íslamstrú gengur. Ég þarf ekki að vera sérfræðingur í íslam til að vita að fordómar gagnvart minnihlutahópi samræmast ekki íslenskum gildum og geta haft slæmar afleiðingar fyrir samfélagið í heild.“ **Sjá bls. 8.**

Skattbreytingar dýrar fyrir Reykjavíkurborg:

Hátt í 300 milljóna aukakostnaður

Fyrirhuguð hækkun á neðra þrepi virðisaukaskatts, úr 7 í 12 prósent, mun auka kostnað Reykjavíkurborgar um ríflega 90 milljónir króna á næsta ári. Þetta kemur fram í umsögn Birgis Björns Sigurjónssonar fjármálastjóra borgarinnar til Alþingis. Miðað er við útgjöld borgarinnar á verðlagi síðasta árs.

Mestur kostnaður kemur niður á mótuneytum í borginni, um 70 milljónir króna. Á móti kemur að lækkun á efra þrepi skattins, úr 25,5 í 24 pró-

sent mun lækka útgjöld borgarinnar um 40 milljónir króna. Nettó munu skattbreytingarnar því kosta borgina 50 milljónir króna á næsta ári.

En það er fleira í frumvarpi um breytingar á virðisaukaskatti. Þannig verður fellt niður ákvæði um endurgreiðslu af útgjöldum vegna vinnu manna á byggingarstað. Ákvæðið hefur verið í gildi frá 2009. Fjármálastjóri borgarinnar telur að borgin þurfi að bera um 220 milljónir króna í aukinn kostnað á næsta ári vegna þess.

Breytingar á vörugjöldum eru hins vegar talin hafa óveruleg áhrif á fjárhag borgarinnar á næsta ári.

Í allt má því gera ráð fyrir að skattbreytingar ríkisstjórnarinnar kosti Reykjavíkurborg um 270 milljónir króna, bara árið 2015.

Áður hefur verið bent á hér í blaðinu að aðrar aðgerðir ríkisstjórnarinnar, svo sem stytting tímabils atvinnuleysisbóta mun hafa hundruð milljóna kostnað í för með sér fyrir Reykjavíkurborg.

Fjórðungs aukning eftir hrun

Bókasöfn eru miðstöðvar mannlífs og menningar og lifandi stofnanir og í stöðugri sókn. Í Reykjavík er Borgarbókasafn stærsta menningarstofnunin og einnig sú best sótt og er afar vinsæl meðal borgarbúa.“ segir Pálína Magnúsdóttir, borg-

arbókavörður í samtali við Reykjavík vikublað. Hún bætir því við að séu sveiflur í aðsókn eins og í öðru. Útlán og heimsóknir hafi aukist um hátt í 25% eftir hrun og þrátt fyrir að eitthvað hafi aftur dregið úr aðsókn sé hún ennþá meiri en hún var á árunum

2006-7. „Fólk dvelur lengur á þeim og nýtur þess að eiga kyrrðarstund á safninu sínu, kíkja í blöðin, skoða sýningar, læra eitthvað nýtt og gagnlegt á námskeiði, uppákomu eða upplestri. Og þetta á bara eftir að aukast.“

Sjá bls. 6.

Borgar Apótek

– Þín vegna

Ókeypis lyfjaskömmun



Snögg og örugg afgreiðsla

Þægilegt og einfalt að koma skipulagi á lyfjatökuna.

Sveigjanleiki ef lækni breytir um lyf.

Engin skömmunargjöld.


Heimsending möguleg.

Snögg og örugg afgreiðsla.

Borgar Apótek | Borgartúni 28, 105 Reykjavík | sími 553-8331



Þessir herra menn hafa undanfarið unnið að því að endurnýja leikvöll í Seljahverfi og víst er að börnin munu taka því fagnandi þegar verkinu lýkur.



Stiga+húsa+teppi

Mikið úrval og litaval!



Viðurkennd gæðateppi, slitsterk, ofnæmisprófuð og samþykkt af Mannvirkjastofnun.

Óhreinindavörn sem lengir líftíma teppanna og léttir þrif.

**Mælum og gerum tilboð
án skuldbindinga og kostnaðar**



**PARKET
& GOLF**

Ármúli 32, 108 Reykjavík

Sími 568 1888

www.parketoggolf.is

Sérverslun með teppi og parket

LEIÐARI



Venjulegt fjölskyldufólk

Þetta er ofurafli sem við erum að berjast við með ótakmarkaða peninga á móti okkur venjulegum fjölskyldumönnum.

Þessi orð lét Sigurjón Þ. Árnason, fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, falla við málfutning í máli sérstaks saksóknara gegn honum og fleiri fyrrverandi starfsmönnum bankans sem ákærðir hafa verið fyrir markaðsmisnotkun.

Sannarlega er fúlt fyrir fólk að ganga um lengi með stöðu grunaðs manns í óvissu um framtíðina. Landsbankamenn eru alls ekki einir um að hafa þurft að standa í slíkum sporum. Fólk sem mótmælti í Gálgahrauni er nærtækt dæmi.

En hér er tvennt sem vekur athygli. Er embætti sérstaks saksóknara „ofurafli“ með „ótakmarkaða peninga“? Er Sigurjón Árnason „venjulegt fjölskyldufólk“?

Sérstakur saksóknari hefur staðið í fjöldauppsögnum, enda er skorið niður hjá embættinu og ekki að sjá að stjórnvöld hafi mikinn áhuga á því að ljúka því mikilvæga uppgjöri sem fylgið er í verkefnum embættisins. Þess utan hefur ekki verið litið um árásir á embættið af hálfu sakborninga og fulltrúa þeirra, launaðra sem ólaunaðra. Embætti sérstaks saksóknara verður seint kallað ofurafli og þar eru engir digrir sjóðir.

Hitt snýr að Sigurjóni sjálfum. Árið 2008 var hann með 35 milljónir króna í mánaðarlaun hjá Landsbankanum. Ársalaunin námu yfir 400 milljónum króna, og þetta var vel að merkja árið sem bankinn fór á hausinn. Ekki er annað hægt að segja en að hann hafi líka verið ágætlega haldinn í launum árin á undan.

Venjulegur Íslendingur nær ekki slíkum tekjum á allri ævinni. Venjulegt fólk er alla ævina að reyna að koma þaki yfir höfuðið, kannski fyrir andvirði þess sem bankastjórinn halaði inn á einum mánuði árið sem allt hrundi.

Fram hefur komið í fréttum að lögmaður Sigurjóns lagði fram 46 milljóna króna reikning fyrir vörnina í markaðsmisnotkunarmálinu. Þetta eru engir smápeningar, en samt vel innan við tvenn mánaðarlaun bankastjórans.

Nærtækt er að hugsa til annars hóps fólks. Fólksins sem mótmælti ofríki stjórnvalda í Gálgahrauni fyrir réttu ári. Þetta fólk var handtekið, svipt frelsinu og hafði réttarhöld og sektardóma hangandi yfir sér í langan tíma. Þetta er venjulegt launafólk sem ekki hefur ráð á tugmilljóna króna lögfræðiaðstoð og sem sakfelld hefur verið fyrir að sitja kyrrt og valda engum tjóni. Enda þótt öll séum við manneskjur, þá má spyrja hvort réttmætt sé að Sigurjón Árnason kenni sig við almenning og kvarti undan ofríki, í þessum samanburði.

Glymum því ekki að hér hafa dómstólar lokaorðið. Ekki embætti sérstaks saksóknara.

Verði meint brot ekki sönnuð, þá verður Sigurjón Árnason sýknaður og gengur út frjáls ferða sinna. Hins vegar kynni hann líka að reynast sekur um að hafa valdið öðrum manneskjum og samfélaginu öllu tjóni.

Ingimar Karl Helgason

Fullsterkur á Klambratúni?

- Gömul hugmynd endurunnin

Líklega hvá flestir Reykvíkingar þegar rætt er um almenningsgarðinn Bringuna. Bringan er þó gamla heitið á útivistarsvæðinu á skákinni milli Snorrabrautar, Eiríks- götu og Þorfinnsgötu. Þar stendur Járnsmiðurinn, eitt fallegasta útlitaverk borgarinnar og sómir sér líklega mun betur en stytta hefði gert á þeim stað sem henni var upp-

Ummæli með erindi:

„Fólk er voð foj yfir 248 krónunum og telja af og frá að hægt sé að lifa af svona litlu, en þetta er samkvæmt gögnum Hagstofunnar. Það er bara fullt af fátæku fólki á Íslandi sem þarf að lifa af 750 krónum í mat á dag. Það er þess vegna sem það er svo mikilvægt að vera

með ókeypis máltíðir handa börnum í skólum.“

- Héðinn Björnsson, framhaldsskólakennari á Facebook í vikunni.



HÉÐAN OG ÞAÐAN ...

Stutt-langt-stutt

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur farið mikinn og haft uppi stór orð um að Íslendingar séu allt of lengi í skóla. Þess vegna þurfi að skera og stytta. Spyrja má hvort aðgerðirnar byggji á eigin reynslu, því samkvæmt æviágrípi ráðherra á vef alþingis, tók það hann sex ár að ljúka BS. prófi, þar sem almennt er gert ráð fyrir þriggja ára námstíma. Hann hlýtur allavega að vera feginn því að hafa ekki verið ráðherra á meðan hann var sjálfur í námi ...



Hvaða frumvarp?

Varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins Bryndís Loftsdóttir hefur gagnrýnt hækkun á virðisaukaskatti á matvæli. „Slíkir liðsmenn eru ekki hátt skrifaðir hjá mér og ættu kannski að ihuga að fara í annað lið,“ segir Brynjar Nielsson sem segir fjárlagafrumvarpið mikilvægast allra frumvarpa ríkisstjórnar. Ekkert sé við það að athuga að menn geri athugasemdir við einstaka liði, en ekki við meginmarkmið frumvarpsins. Nú er það



svo að fjárlagafrumvarp fjallar um útgjöld ríkisins. Breytingar á virðisaukaskatti eru ekki í fjárlagafrumvarpinu.

Hvaða lið?

Undir það má þó taka að fjárlagafrumvarp, forgangsröðun útgjaldanna, er mikilvægasta frumvarp hvers árs hjá ríkisstjórn. Sitjandi stjórn á þó eitt mál sem öllum málum er æðra og mikilvægara, enda var ríkastjórnin kosin út á það síðasta vor. Líka Brynjar Nielsson. „Ég tel mikilvægara að auka ráðstöfunartekjur alla en að fara í niðurfellingu á skuldum sumra,“ sagði Brynjar um grundvallarfrumvarp ríkisstjórnarinnar sjálfa „Leiðréttinguna“ í viðtali við Kjarnann. Undir þetta má reyndar taka með Brynjari, en spyrja má hversu samkvæmur sjálfum sér hann er þegar kemur að liðsheildinni og gagnrýni á varaþingmenn Sjálfstæðisflokksins?



Sorglegt

Flokkar sem ala á útlendingaandúð eru á mikilli siglingu í löndunum umhverfis okkur, til dæmis breski UKIP flokkurinn sem eignaðist sinn fyrsta þingmann á breska þinginu á dögunum. Nýleg skoðanakönnun sýnir að fjórir af hverjum tíu eru á móti því að moska verði reist héraendis. Víst finnst þeir stjórnvaldamenn hér á landi sem sjá í þessu tækifæri. Ekki tækifæri til að ræða málin, upplýsa eða draga úr hræðslu og vonleysi, heldur til að ýfa upp andstæður og ótta til að græða á því atkvæði. Það virðist ætla að halda áfram. Mikil er það sorglegt.

haflega ætlaður, við hús Iðnskólans á Skólavörðuholti.

Um miðjan sjötta áratuginn kom upp hugmynd um að setja aflraunasteina á Bringuna. Fyrirmyndirnar var að finna víða í gömlum verstöðvum og fræga kvíahellu í Húsafelli. Staðurinn fyrir grettistökin var ákveðinn og svæðið hannað, þótt ekkert yrði úr framkvæmdum.

Hugmyndin er þó ótrúlega snjöll. Ekki þarf að fjölyrða um áhuga Íslendinga á hvers konar kraftagreinum og sjálfsagt enginn skortur á fólk með krafta í köggjum sem ætti bágt með að standast áskorunina. Spurningin er bara hvar steinunum væri best fyrir komið?

Miklatún, sem nú hefur raunar verið svipt nafni sínu og er kennt við skammlífan sveitabæ, Klömbur, kemur fyrst til álita. Þar er nú þegar vettvangur fyrir ýmsar tegundir almenningisþróttar. Annar kostur væri eitthvert svæði í grennd við Ylströndina í Nauthólsvík, við göngu- og hjólastíginn göða.

Í FRÉTTUM

Óskyld sjálfum sér

Framsóknarflokkurinn fékk frá tveimur aðilum styrki umfram lög- bundið hámark, kr. 400 þúsund.



Mismuninum var skilað um leið og það uppgötvaðist. Ríkisendurskoðun íhugar kærna vegna málsins. Framsókn er nokkur vorkunn vegna þessa máls, enda augljóslega um mistök að ræða og voru þau leiðrétt. En svona mál vekur spurningar um annað. Þrátt fyrir ákvæði laganna um „tengda aðila“ virðist sama fólk í gegnum ólíkar kennitölur ólíkra fyrirtækja geta mokað hundruðum þúsunda króna, umfram hámark, í hirslur stjórnmalaflokka. Allt stimplað og löglegt.

Stríðið eða lífið

Sigurður Guðmundsson, fyrrverandi landlæknir, bendir á að leiðin til að stemma stigu við hinum banvæna ebólufaraldrinum sé að berjast gegn sjúkdómnum í Afríku. Ríkisstjórnin virðist hins vegar hafa lítinn áhuga á því. Hátt í 400 milljónum króna stendur víst til að verja til Nató úr vösum íslenskra skattgreiðenda. Hins vegar mun ríkisstjórnin af þekktum aðferðum rausnaskapar og forgangsröðunar láta rúmar 20 milljónir í alþjóðleg heilbrigðismál. Hvort ætli Íslendingar vilji heldur borga fyrir stríð eða lækningar?

Fyrir banka?

Eftirlitstofnun EFTA segir stjórnvöldum að hún fylgist grannt með „leiðréttingu“ framsóknarflokksins og sjálfstæðisflokksins. Taka á peninga úr ríkissjóði og deila út til sumra. Alls er um að ræða 80 milljarða króna úr sameiginlegum sjóðum. ESA hefur áhyggjur af því að í þessu felist ríkisaðstoð við banka, enda geti þeir með þessu móti fengið úr vasa allra skattgreiðenda, fé sem þeir hefðu kannski annars orðið af.

Til í allt ...

Samþykkt var í borgarráði á dögunum að setja á stofn Friðarstofnun. Þetta samþykktu sjálfstæðismenn eins og



adri, en rifjuðu upp að Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, fyrrverandi borgarstjóri, hefði áður lagt slíkt til. Þeir segja í bókun: „Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks fagna því að nú skuli tillaga sem er samhljóða tillögu Vilhjálmss lögð fram í borgarráði en sakna þess að hvergi skuli ferils þessa máls getið í tillögu borgarstjóra.“ Er nú sýnilega gleymt þegar sjálfstæðismenn voru „til í allt án Villa“ ...

REYKJAVÍK VIKUBLAÐ

38. TBL. 5. ÁRGANGUR 2014

ÚTGEFANDI: Fótspor ehf. Ábyrgðarmaður: Ámundi Ámundason, sími: 824 2466, netfang: amundi@fotspor.is. Framkvæmdastjóri: Ámundi Steinar Ámundason, netfang: as@fotspor.is. Auglýsingastjóri: Ámundi Ámundason, Sudurlandsbraut 54, 108 Reykjavík. Auglýsingasími 578 1190, netfang: auglysingar@fotspor.is. Veffang: fotspor.is. Ritstjóri: Ingimar Karl Helgason, sími: 659-3442 netfang: ingimarkarhelgason@gmail.com. Blaðamaður: Atli Þór Fanndal. Netfang: atli@thorfanndal.com. Menningarbláðamaður: Hildur Björgvinsdóttir. Netfang: hildurbjorgvins@gmail.com. Matarbláðamaður: Svavar Halldórsson. Sími: 869-4940. Netfang: svavar@islenkskurmatur.is. Umbrot: Prentsmið, Prentun: Ísafoldarprentsmiðja, 50.000 eintök. Dreifing: Póst-dreifing

UMHVERFISVOTTUÐ PRENTUN



FRÍBLAÐINU ER DREIFT Í 50.000 EINTÖKUM Í ALLAR ÍBÚÐIR Í REYKJAVÍK.

VÖRUGJÖLD
AFNUMIN

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON HEFUR AFNUMIÐ VÖRUGJÖLD Í ÖLLUM VERSLUNUM SÍNUM FYRSTIR ALLRA

Vegna niðurfellingar vörugjalds hafa öll helstu heimilistækin
lækkað í verði um **17%** og sjónvörp, hljómtæki og annað um **20%**.



SAMSUNG

MÍNUS
17%

KÆLIR/FRYSTIR

„no frost,“ það þarf aldrei að afpýða

HVÍTUR 178 cm
RB29FSRNDWW/EF

99.517

Verð áður 119.900

STÁLLITUR 178 cm
RB29FSRNDSS/EF

107.817

Verð áður 129.900

HVÍTUR 185 cm
RB31FERNCS/EF

124.417

Verð áður 149.900

STÁLLITUR 185 cm
RB31FERNCS/EF

132.717

Verð áður 159.900



MÍNUS
17%

SAMSUNG

ÞVOTTAVÉL

WF70F5E3P4W/EE

ECO Bubble.

Tekur 7 kg af þvotti, 1400
snúninga vinda og kolalaus
mótor.

99.517

Verð áður 119.900

MÍNUS
17%



SAMSUNG

KÆLIR OG FRYSTIR

RS7567THCSR

92 cm á breidd. Tvöfalt kælikerfi,
loft fer aldrei á milli kælis og frystis.
Vatns- og klakavél.

282.117

Verð áður 339.900



SAMSUNG

TVÖFALDUR KÆLISKÁPUR

RFG23UERS1

92 cm á breidd. Kælir efrihluta og frystir
niðri. Með „frönskum“ hurðum.
Vatns- og klakavél.

464.717

Verð áður 559.900

EKKI EFTIR NEINU AÐ BÍÐA

Við höfum náð samningum við okkar helstu birgja, sem gerir okkur mögulegt
að afnema þessi gjöld nú þegar. Fólk þarf því ekki að bíða eftir nýju ári til
að gera hagstæð innkaup fyrir heimilið, heldur getur þú nú komið í verslanir
ORMSSON um allt land og fengið umtalsvert meira fyrir peninginn en áður.

SAMSUNG
SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 10-18 · LAUGARDAGA KL. 12-16

– UM LAND ALLT –

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 10-18 · LAUGARDAGA KL. 11-15

MENNINGIN

Almenningsbókasöfn hinn fullkomni þriðji staður

„Almenningsbókasöfn hafa verið að þróast æ meira í átt að alhliða menningarmiðstöðvum þar sem fólk nýtur menningar- og lista, sækist eftir félagsskap og félagsaðstöðu og endurnærast í amstri dagsins. Þau hafa verið að setja sér ný markmið sem lúta að upplifun, styrkingu, þátttöku fólks og nýsköpun.“ segir Pálína Magnúsdóttir, borgarbókasöfn.

Borgarbókasafn Reykjavíkur rekur sex söfn víðsvegar um borgina auk bóka-bílsins Höfðingja og sögubílsins Æringja. Árlega sækja á bilinu 6-700.000 manns söfnin og útlán eru um 900.000.

Pálína segir að þrátt fyrir að byggingarnar þjóni nú margvíslegum hlutverkum og þróun hafi orðið í starfsemi safnanna, sé meginhlutverk þeirra ennþá að veita upplýsingar, menntun og menningu. „Ég tel þetta góða þróun og samfélög eins og hér á landi þurfi á slíkum stað að halda í amstri dagsins. Við tölum oft um að bókasöfn séu hinn fullkomni þriðji staður, á eftir heimili og vinnu/skóla.“

Bókasöfn hlutlausar stofnanir

Að sögn Pálínu eru bókasöfn góður

vettvangur fyrir hina ýmsu viðburði og bendir á aðsókn því til staðfestingar, oft sé fullt út úr dyrum. Meðal viðburða sem hafa vakið mikilla vinsælda nefnir hún nýafstaðna dag-skrá til heiðurs 40 ára útgáfuafmæli Guðrúnar Helgadóttur, Ljóðaslamm á Safnanótt, sögustundir fyrir börn, Café Lingua og Ljóðasúpu sem boðið var upp á í fyrra. „Við tölum núorðið um læsi í víðum skilningi og lítum á það sem hlutverk bókasafna að auka læsi. Almenn læsi, menningarlæsi, upplýsingalæsi, samfélagslæsi og svo framvegis. Bókasöfn eru hlutlausar stofnanir og mjög lýðræðislegar í eðli sínu. Þangað eru allir velkomnir hvar sem þeir standa í þjóðfélaginu. Það er ekki gerð krafa um menntunarstig eða kunnáttu til að koma inn í söfnin og

almenn held ég að fólk líði vel í bókasafni. Ég held að það sé nauðsynlegt hverju samfélagi að eiga slíkar stofnanir/staði.“ Hún bætir við að læsi og lestur sé mikilvægt hverju samfélagi, ekki síst læsi á samfélagið. Þá sé nauðsynlegt að fólk eigi sér gríðarstað eins og bókasöfnin. Það dvelji nú lengur en áður, komi ekki eingöngu til að ná sér í lesefni heldur sitji og spjalli við náungann og eigi gæðastund með börnum sínum. Þetta telur hún góða þróun.



Pálína Magnúsdóttir, borgarbókasöfn

Staður fyrir alla
Liðin er sú tíð að gestir bókasafna þurftu ávallt að hvísla en Pálína segir að reynt sé að skipa söfnum svo niður að allir finni stað við hæfi, barnahorn fyrir yngstu kynslóðina þar sem ekki þurfi að sussa á börnin en annarsstaðar í safninu séu lessalir þar sem gjarnan megi ríkja ró. Í nýju húsnæði Foldarsafns, Spönginni, verði hægt að skapa lífliga stemningu á fyrstu hæð en á þeirri annari verði næði til lestu og lærdóms. „En það á eftir að koma í ljós hvornig það safn þróast, en húsnæðið býður upp á að hægt verði að bjóða upp á alls konar eins og maðurinn sagði.“

Staður fyrir alla

Liðin er sú tíð að gestir bókasafna þurftu ávallt að hvísla en Pálína segir að reynt sé að skipa söfnum svo niður að allir finni stað við hæfi, barnahorn fyrir yngstu kynslóðina þar sem ekki þurfi að sussa á börnin en annarsstaðar í safninu séu lessalir þar sem gjarnan megi ríkja ró. Í nýju húsnæði Foldarsafns, Spönginni, verði hægt að skapa lífliga stemningu á fyrstu hæð en á þeirri annari verði næði til lestu og lærdóms. „En það á eftir að koma í ljós hvornig það safn þróast, en húsnæðið býður upp á að hægt verði að bjóða upp á alls konar eins og maðurinn sagði.“

Rafbókaútlán í framtíðinni

Aðspurð segir Pálína að ólíkt rannsóknarbókasöfnum hafi rafbækur ekki breytt miklu fyrir almenningsbókasöfn. Enn hafi ekki tekist að búa til hið fullkomna útlánamódel fyrir rafbækur þrátt fyrir tilraunir víða um lönd. Á Íslandi sé rafbókaútgáfa ekki mikil en víðræður við höfundu og útgáfendur standi yfir um útfærslu útlánakerfis og vonandi verði hægt að bjóða upp á rafbækur á bókasöfnum áður en langt um liður. „En þó við tókum upp rafbókaút-



Tónleikar í Borgarbókasafninu við Tryggvagötu.



Áhugasamir krakkar glugga í bækur í bóka-bílum.



Gunnar Helgason og Guðni Kolbeinson á góðri stund í bókasafninu.

lán og þau verði vaxandi partur af starfsemi og þjónustu safnanna, verður það eftir sem áður hlutverk okkar að veita upplýsingaþjónustu, styðja við lestur og auka læsi í samfélaginu og vera áfram sá mikilvægi hlekkur í menntakerfinu sem við erum í dag.“

Mikil aukning eftir kreppu

„Ég tel framtíð almenningsbókasafnsins vera afar bjarta. Bókasöfn eru miðstöðvar mannlífs og menningar og lifandi stofnanir og í stöðugri sókn. Í Reykjavík er Borgarbókasafn stærsta

menningarstofnunin og einnig sú best sötta og er afar vinsæl meðal borgarbúa.“ segir Pálína en bætir við að auðvitað séu sveiflur í aðsókn eins og í öðru. Útlán og heimsóknir hafi aukist um hátt í 25% eftir hrun og þrátt fyrir að eitthvað hafi aftur dregið úr aðsókn sé hún ennþá hærri en hún var á árunum 2006-7. „Fólk dvelur lengur á þeim og nýtur þess að eiga kyrrðarstund á safninu sínu, kíkja í blöðin, skoða sýningar, læra eitthvað nýtt og gagnlegt á námskeiði, uppákomu eða upplestri. Og þetta á bara eftir að aukast.“

Ekki missa af ...

...Lilju Birgisdóttur. Í gær opnaði fyrsta einkasýning Lilju Birgisdóttur, 40-42 gráður, í Listamenn-innrömmun Gallerí listamenn á Skúlagötu 32. Sýningin stendur til 1.nóvember.

...Samsuða. Föstudaginn 24.október verður heimildamyndin Samsuða – saga átta listamanna frumsýnd í Bíó Paradís. Sýningin hefst kl.18 en frá 17:30 verður boðið upp á lauffléttar veitingar og spjall við leikstjóran, Írisi Stefaníu Skúladóttur. Miðaverð 2.000kr.

...Gagnvirkum vegg. Nú stendur yfir í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu, sýning Reactive Wall sem er samvinnuverkefni

listamannsins Mojoko og tölvuforritarans Shang Liang. Verkið er sett saman úr 200 myndum frá popplis og dægurmenningu í Asíu og á Vesturlöndum. Sýningargestir taka þátt í verkinu með því að tala, blístra eða kalla í hljóðnema en við það breytist verkið, allt eftir hljómi og hljóðstyrk.

... Afmælisfagnaði í Listasafni Íslands sem á 130 ára afmæli í ár. Öllum er boðið í safnið við Fríkirkjuveg í dag, laugardag, þar sem boðið verður upp á tertur sem skreyttar eru með verkum meistara íslenskrar myndlistarsögu. Afmælisboðið hefst klukkan hálf tólf, en klukkan eitt verður sunginn afmælisöngur og terturnar bornar fram. Að auki verður boðin leiðsögn um safnið, litíð inn í listaverkageymslur auk þess sem fólk getur spreytt sig á myndlistargetraun.



Á TOPPNUM MEÐ EYJABITA



Verkfæra- og tækjadagar

**20-30%
AFSLÁTTUR**



GMC 14.4V 1.2Ah með aukarahlöðu, stíglaus hraði, BMC taska
~~5.990~~
4.492



Drive giraffi gips- og spartl slípivél 620w 0-980sn/min
~~34.900~~
27.920



Drive hornalaser 90 gráður
~~12.450~~
9.960

ALB10DAS 10,8V Li-Ion Bor/skrúfivél 1,4Ah 30Nm
~~14.890~~
11.167



Rafhlöðuborvél með höggi, HDA2544 18V
~~17.900~~
13.425



Arges HDA1508 kúttisög
~~23.990~~
19.192



Drive Delta Sander 180W
~~3.390~~
2.542

Drive-HM-140 1600W - 14cm hræripinni - 2 hraðar
~~22.990~~
18.392



Fræsari HDA1205 1800W
~~11.900~~
8.925



ALM14DF 14,4V Li-Ion herðsluskrúfivél 2,8Ah 135Nm
~~36.890~~
27.667

ALM18DB 18V Li-Ion borvél 2,8Ah / 38Nm
~~39.990~~
29.992



AV226 800W höggborvél
~~16.900~~
12.675



AR636 18V Skrúfivél Ni-Cd 2,0Ah 158Nm
~~16.990~~
12.742



Rafhlöðuborvél /skrúfivél HDD 3213 12V DIY
~~8.990~~
6.742



Asaki AN871 180mm Slípirokkur 2200w
~~13.890~~
10.417

ALM18DD 18V höggborvél Li-Ion 2,8Ah 38Nm 2 hraðar
~~41.800~~
31.350



AS103 370W 10mm borvél
~~4.990~~
3.742



Drive flísa-sög 600W
~~9.290~~
6.967



Drive LG3-70A 1800W flísa-sög 86x57cm
~~139.900~~
104.925



Drive LG4-570A 800W flísa-sög 79x39cm bord
~~39.900~~
29.925



SM-RLG07 Áltrappa 7 þrep, tvöföld
~~25.590~~
20.472



RLA-05 Áltrappa 5 þrep, tvöföld
~~6.690~~
5.352



63102 4 bönd með krókum 2,5x360 cm
~~2.490~~
1.743



64407
~~995~~
696



Asaki ASM 305 Asaki Kúttisög 1600W 305x30mm
~~49.909~~
34.993

Arges HDA2201 steinsög 1200w
~~7.990~~
6.392



Stingsög HDA1110, 710W
~~8.900~~
6.675

Drive Pro 600mm flísa-skeri í tösku
~~21.990~~
16.492



Öflugar hjólbörur 90 lítra
~~8.590~~
6.872



Black&Decker háþrýstidæla max bar 150
~~52.990~~
42.392

2100W, 420 lítr./klst. Polir 50°C heitt vatn, 8 metra málmbarki, sápuþox, með bursta



Ryk/blautsuga Drive ZD10-50L 1000W, 50 lítra
~~28.900~~
23.120

Arges HKV-100GS15 1000W, 15 lítra
~~25.900~~
20.720



Reykjavík Kletthálsi 7 Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18 Opið virka daga kl. 8-18



MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

SAMFÉLAGSUMRÆÐA

Múslimar og kvenfrelsi

Nýlega kannaði MMR afstöðu Íslendinga til þess að mismunandi trúfélög fái að byggja trúarbyggingu hér á landi. Flestir voru andvígir því að félag múslima fái að byggja trúarbyggingu, eða 42.4 prósent, en tæplega 30 prósent þeirra sem svöruðu voru því fylgjandi. Til samanburðar voru 64.4 prósent því fylgjandi að þjóðkirkjan fengi að byggja hér bænahús, en undir 10 prósent andvíg. Þegar umræðan sem fór í gang fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar er höfð í huga kemur þessi niðurstaða lítið á óvart. Flestum hefur verið ljóst að sú umræðan snerist aldrei um skipulagsmál.

Andúð gagnvart múslimum er ekki séríslensk, hennar hefur gætt víða á vesturlöndum undanfarin ár. Á Íslandi, eins og í nágrannalöndum okkar, er þessi andúð réttlætt meðal annars með ótta við að fjölgun múhamedstrúaðra innflytjenda muni leiða til skerðingar á kvenfrelsi og auka ofbeldi gegn konum. Fréttir af ógeðfældri hegðun einstakra múslima hafa kynt undir þennan ótta. En fjölmiðlaumfjöllun gefur oft villandi mynd af tíðni og ofbeldi í samfélaginu.

Til þess að svara því af einhverju viti hvort aukið hlutfalli múslima í landi hafi áhrif á stöðu kvenna og ofbeldi gegn konum þarf að gera samanburð á milli landa. Skoða þarf lönd þar sem hlutfalli múslima er hátt og líka þar sem það er lágt. Það er hins vegar alls ekki nóg að taka til dæmis tvö lönd sem eru ýktar andstæður, eins og Sádi Arabíu og Ísland. Þessi tvö lönd eru ýktar andstæður vegna þess að í Sádi Arabíu býr mjög hátt hlutfall múslima og þar er staða kvenna mjög slæm, og á Íslandi er mjög lágt hlutfall múslima og staða kvenna mjög góð (í alþjóðlegum samanburði). Það er hins vegar svo margt annað í þessum tveimur löndum sem getur haft áhrif, það er að segja annað en íslam eða ekki íslam, vegna þess hversu samfélögin eru ólík á margan hátt, að beinn samanburður verður merkingarlítill.

Þar sem ég fann ekki rannsókn sem svarar því hvort hlutfall múslima í samfélagi hafi áhrif á ofbeldi gegn konum og stöðu þeirra ákvað ég að skoða það sjálf. Hér fyrir neðan greini ég frá athugun minni á þessum mögulegu tengslum þar sem ég nota upplýsingar frá tæplega 180 löndum sem fást úr mælingum frá ýmsum virtum alþjóðlegum stofnunum.

Samanburður milli landa

Það er nær ógerningur að gera samanburð á ofbeldisbrotum á milli landa þannig að vel sé. Það sem er skilgreint sem refsivert ofbeldi er mismunandi á milli landa. Í lagalegum skilningi getur karlmaður, til að mynda, ekki nauðgað eiginkonu sinni í nokkrum löndum. Það er líka ólíkt hvernig brot eru skráð hjá lögreglu í hverju landi. Það er jafnframt mjög mismunandi hvort fólk er tilbúið að tilkynna ofbeldi til lögreglu. Þetta á sérstaklega við um tilkynningar kynferðisbrota. Í sumum löndum getur það haft alvarlegar afleiðingar fyrir konur að tilkynna kynferðisofbeldi. Dauðsföll af völdum ofbeldis (sbr. morð) er sá brotaflokkur sem gögnin verða einna síst fyrir áhrifum af umhverfinu þar sem upplýsingarnar verða til. Það er sjaldgæft að það sé vafamál að ofbeldi hafi í raun og veru átt sér stað þegar eftir liggur lík. Þess vegna

skoða ég dauðsföll af völdum ofbeldis, en ekki til dæmis kynferðisofbeldi.

Hlutfall múslima af heildarfjölda íbúa og dauðsföll kvenna af völdum ofbeldis

Ég byrjaði á að skoða fylgni hlutfalls múslima af heildarfjölda íbúa¹ og dauðsfalla kvenna af völdum ofbeldis² með einföldum fylgnistuðli sem sýndi ekkert samband³. Með öðrum orðum, það er ekki marktækur munur á tíðni alvarlegs ofbeldis gegn konum milli landa þar sem hlutfall múslima er hátt og þar sem það er lágt. Ég prófaði einnig að taka tillit til annarra þátta sem rannsóknir hafa sýnt að hafa áhrif á ofbeldi, eins og menntun⁴, en það breytti engu um tengslin.

Hér fyrir neðan skoða ég einnig sambandið myndrænt. Myndin sýnir að í sumum múslímskum löndum er tíðni ofbeldis gegn konum há en í öðrum ekki. Jafnframt eru lönd eins og Rússland, Brasilía, Columbía, Angola, Suður Afrika, El Salvador, Congo með mjög háa tíðni ofbeldis gegn konum en þar búa hlutfallslega fáir múslimar. Hver blár punktur á myndinni sýnir 10 prósent múslima. Það er að segja, ef engir bláir punktar eru á landi þá eru færri en 10 prósent íbúa múslimar, en margir punktar á landi merkir að þar er hlutfall múslima af heildarfjölda íbúa mjög hátt. Myndin sýnir tvö kort, annars vegar af öllum löndum og hins vegar mynd þar sem hefur verið súmmað inn á Afríku og hluta af Asíu, þar sem hæsta hlutfall múslima býr.

Hlutfall múslima af heildarfjölda íbúa og staða kvenna

Undanfarin ár hafa Sameinuðu þjóðirnar safnað upplýsingum frá um 150 löndum og sett saman mælingu á stöðu kvenna í hverju landi (Gender Inequality Index). Þessi mæling er samsett úr nokkrum þáttum, eins og stöðu kvenna í stjórnmálum, á vinnumarkaði, menntun kvenna, tíðni kvenna sem deyja við barnsburð og fæðingartíðni unglingsstúlkna⁵. Samkvæmt nýjustu tölum frá Sameinuðu þjóðunum er staða kvenna best í Slóvaníu. Ísland er í 14. sæti yfir þau lönd þar sem staða kvenna er best, en af þeim löndum þar sem upplýsingar eru gefnar upp er staða kvenna lökust í Yemen.

Ég notaði mælinguna frá Sameinuðu þjóðunum og skoðaði sambandið á milli hlutfalls múslima innan þjóða og stöðu kvenna og fann veikt til miðlungs samband⁶. Með öðrum orðum, í þeim löndum þar sem hátt hlutfall íbúa eru múslimar hefur staða kvenna tilhneigingu til að vera læk. Þetta samband hverfur þó þegar tekið er tillit til almennrar menntunar innan landsins⁷, en almenn menntun hefur frekar sterk tengsl við jafnrétti kynjanna. Ég skoðaði einnig þessi sambönd þar sem ég notaði eingöngu lönd innan Evrópu en þá er ekkert samband á milli hlutfalls múslima og stöðu kvenna, né ofbeldi gegn konum sem leiðir til dauða.

Staða kvenna og ofbeldi

Það liggur beint við að skoða einnig, óháð því hversu margir múslimar búa í viðkomandi landi, sambandið á milli stöðu kvenna og ofbeldis gegn konum. Í þeim löndum þar sem staða kvenna er læk eru konur líklegri til að deyja af völdum ofbeldis en í þeim löndum þar sem staða þeirra er betri⁸, og er það í samræmi við niðurstöður margra rannsókna. En þetta samband á líka við um ofbeldi gegn körlum.



Höfundur er Margrét Valdimarsdóttir, doktorsnemi í afbrotafraeði við City University of New York og kennari við John Jay College of Criminal Justice.

Það er að segja, í þeim löndum þar sem staða kvenna er læk, þar sem ekki ríkir jöfnuður á milli karla og kvenna, eru karlar líka töluvert líklegri til að deyja af völdum ofbeldis en í jafnari samfélagum. Í nánast öllum löndum deyr fleiri karlar af völdum ofbeldis en konur (og í öllum löndum eru töluvert herra hlutfall gerenda í slíku ofbeldi karlmenn en konur).

Sambandið á milli kynjaójöfnuðar og ofbeldi karla gegn öðrum körlum tel ég að stafi af hugmyndum um karlmennsku. Hugmyndir um hvaða hegðun er karlmannleg og hvaða hegðun er kvenleg eru breytilegar frá einum tíma til annars og mismunandi eftir menningarsamfélagum. Við fæðumst ekki með ákveðnar hugmyndir um karlmennsku og kvenleika, við lærum þær í því samfélagi sem elur okkur upp. Í þeim samfélagum þar sem ríkir ójöfnuður á milli kynjanna eru oftast skýr mörk á milli karlmannlegrar og kvenlegrar hegðunar. Þrátt fyrir að karlmennskan hafi ólíka merkingu á milli landa þá eiga flest lönd það sameiginlegt að telja líkamlegan styrkleika, hugrekki, áhættusækni og að sýna ekki miklar tilfinningar vera karlmannlega hegðun⁹. En í löndum þar sem sem jafnrétti ríkir á milli kynjanna er líklegt að innan karlmennskunnar rúmist fjölbreyttari hlutverk. Til dæmis er þátttaka í barnaupplýðingum andstætt karlmennskuímyndinni á Norðurlöndum heldur en í löndum þar

sem hlutverk kynjanna eru meira afmörkuð. Í löndum þar sem hugmyndir um karlmennskuna eru „hefðbundnar“ er líklegt að karlar séu frekar tilbúnir til þess að beita ofbeldi í ákveðnum aðstæðum, eins og til dæmis til að verja heiður sinn (eða ef þeir upplifa að það sé verið að móðga þá).

Að lokum

Mínar tölfræðigreiningar benda til þess að hugmyndin um að konum stafi einhver sérstök ógn af múslimum frekar en öðrum hópum sé ekki á rökum reist. Það er hins vegar rétt að konur verða frekar fyrir ofbeldi í þeim löndum þar sem ríkir ójafnrétti á milli kynjanna, en það er óháð því hvort í landinu búi margir múslimar, kristið fólk, eða fólk sem velur annars konar trúarbrögð¹⁰.

Það er mikilvægt að láta ekki ranghugmyndir hafa áhrif á það hvort við virðum mannréttindi fólks á Íslandi, hvort sem hugmyndir okkar eru komnar frá íslensku stjórnmálafólki að koma sér á framfæri eða einhverjum erlendum hasarfréttavefsíðum. Ég er engin sérstakur talsmaður íslamstrúar, ég hef aldrei lesið kóraninn og veit í raun lítið út á hvað íslamstrú gengur. Ég þarf ekki að vera sérfræðingur í íslam til að vita að fordómar gagnvart minnihlutahópi samræmast ekki íslenskum gildum og geta haft slæmar afleiðingar fyrir samfélagið í heild.

Ég geri mér grein fyrir því að það er töluvert í næstu kosningar, en ef fólk hefur í raun og veru áhuga á stöðu kvenna ætti fólk að styðja stjórnmálaflokka sem leggja áherslu á að jafna stöðu karla og kvenna, en ekki stjórnmálaflokka sem sýna ákveðnum hópi fólks andúð. Og ef fólk vill draga úr ofbeldi gegn bæði konum og körlum ætti það að jafnframt að styðja jafnrétti kynjanna.

¹Nánari upplýsingar um gögn: <http://www.pewforum.org/2011/01/27/table-muslim-population-by-country/>

²Nánari upplýsingar um gögn: <http://www.unodc.org/gsh/en/data.html>

³ $R_s = -0.08$ ($P=0.270$) $N = 176$

⁴Nánari upplýsingar um gögn: <http://www.barrolee.com/>

⁵Nánari upplýsingar um gögn: <http://hdr.undp.org/en/content/table-4-gender-inequality-index>


⁶ $r_s = 0.20$ ($P=0.200$) $N = 143$

⁷Nánari upplýsingar um gögn: <http://www.barrolee.com/>

⁸ $r_s = 0.54$ ($P < 0.001$) $N = 145$

⁹Ég mæli með að fólk sem hefur áhuga á íslenskum rannsóknum um karlmennsku skoði verk eftir Ingólf Gíslason og Ingólf Ásgeir Johannesson, en af erlendum fræðifólki mæli ég með R.W. Connell.

¹⁰Það er mikilvægt að hafa í huga að tölfræði greining mín svarar eingöngu þeim spurningum sem ég segist vera að svara, eða hvort það sé fylgni á milli hlutfalls múslima í landi og dauðsfalla kvenna af völdum ofbeldis, og stöðu kvenna (með þeirri mælingu sem Sameinuðu þjóðirnar nota). Ég stjórna eingöngu fyrir menntun, en það er líklegt að aðrir þættir hafi einnig áhrif. Jafnframt geri ég ekki greinamun á innfluttum múslimum og innfæddum, en það gæti skipt máli.





ELDAÐ FYRIR ÍSLAND

19.
október



Taktu þátt í heimsins fyrstu landsæfingu í neyðarvörnum!

Rauði krossinn æfir sig í að opna fjöldahjálparstöðvar um allt land. Þú kemur í hjálparstöð sunnudaginn 19. október kl 11-15 og þiggur ljúffenga kjötsúpu lagaða af Klúbbi matreiðslumeistara.

Þetta er fyrsta neyðaræfingin í heimi þar sem heilt land tekur þátt.

Með þinni þátttöku fá sjálfbóðaliðar okkar æfingu í að opna stöðvarnar og taka á móti stórum hópi fólks.

Þiggðu súpu, það hjálpar okkur.



Kjötsúpa

Í samstarfi við Klúbb matreiðslumeistara færðu gómsæta kjötsúpu. Fjöldi samstarfsaðila leggur hráefnið til.



Fjöldahjálparstöðvar

Um 50 stöðvar af 117 víðsvegar um landið verða opnaðar. Hvar er þín næsta?



Sjálfbóðaliðar

Stöðvarnar verða mannaðar af sjálfbóðaliðum okkar líkt og um alvöru neyð væri að ræða.



Kynntu þér málið

Þú færð allar upplýsingar um hvaða fjöldahjálparstöðvar eru opnar á raudikrossinn.is

Samstarfsaðilar Eldað fyrir Ísland:



Rauði krossinn

ÚTTEKT

„Ljótur pólitískur leikur“

„Skrifstofu ÖSE er kunnugt um málið og fylgist með því,“ segir Gunnar Vrang starfsmaður Dunju Mijatović, erindreka Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu um frelsi fjölmiðla, um stefnu Þóreyjar Vilhjámsdóttur, aðstoðarmanns Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra, gegn blaðamönnum DV vegna umfjöllunar blaðsins um lekamálið. Með stefnunni fer pólitískur aðstoðarmaður ráðherra fram á fangelsisdóm vegna skrifa blaðamannanna af sakamáli sem tengist skrifstofu ráðherra. „Við tjáum okkur ekki um málið að svo stöddu enda enn yfirstandandi,“ segir í svari til Reykjavíkur vikublaðs.

Blaðamenn í fangelsi

Aðstoðarmaður ráðherra fer fram á fangelsun þeirra Jóhanns Páls Jóhannssonar og Jóns Bjarka Magnússonar vegna fréttar DV sem birtist 20. júní á þessu ári. Þetta kemur fram í stefnu Þóreyjar en þar er ítrustu refsingar krafist vegna skrifanna. Í fréttinni 20. júní var því haldið fram að Þórey væri „starfsmaður b“. Í ljós kom að sú staðhæfing var ekki rétt enda Gísli Freyr Valdórsson, annar aðstoðarmaður innanríkisráðherra, umræddur

starfsmaður. DV sendi í kjölfarið frá sér yfirlýsingu þar sem Þórey er beðin afsökunar og fréttin leiðrétt. Í stefnu Þóreyjar á hendur blaðamönnum kemur fram að lögreglan hafi tilkynnt Þóreyju að ekki væri ástæða til að afhafast frekar í málinu. Þetta var í ágúst, eftir að fréttir um að Þórey hefði réttarstöðu grunaðs manns voru birtar.

Afsökun í skötulíki

„Stefnan bara talar sínu máli og við látum bara þar við sitja,“ segir Hulda

Árnadóttir, lögmaður Þóreyjar, við Reykjavík vikublað vegna málsins. Aðspurð hvers vegna ástæða væri til að krefjast þess að ummæli sem þegar hefðu verið dregin til baka, leiðrétt og beðist afsökunar á í DV og með opinberri tilkynningu á fjölmiðla, yrðu dæmd dauð og ómerk sagði hún fjölmörg dæmi um slíkt. „Það eru auðvitað mýmörg dæmi um það og dómaframskvæmd, jafnvel þótt búið sé að draga ummæli til baka og biðjast afsökunar í einhverju skötulíki að þá eru þau dæmd dauð og ómerk í framhaldi.“

- Í skötulíki á ég að túlka það sem svo þú teljir afsökunarbeiðni DV í skötulíki?

„Já, látum þetta bara algjörlega liggja milli hluta,“ sagði Hulda hlægjandi. Hún krafðist þess að Reykjavík vikublað hefði ekkert eftir sér vegna málsins. Við þeirri kröfu er orðið um þau ummæli sem féllu eftir þá beiðni en að sjálfsgöðu ekki um þann hluta

samtalsins þar sem blaðamaður hafði ekki gengist við slíkum skilmálum. Í tilkynningu DV sem send var á alla fjölmiðla sama dag og hin ranga frétt birtist segir: „DV biður Þóreyju afsökunar á því að hafa tengt hana við meint atferli „Starfsmanns B“ í úttekt á lekamálinu í helgarblaði DV. Mistökkin eru á ábyrgð DV og koma til vegna rangra tenginga milli heimilda sem ritstjórn hafði aflað sér og á grundvelli þess að einungis er vísað til eins starfsmanns með réttarstöðu grunaðs manns í dómsskjölum. Um er að ræða mistök sem ritstjórn DV harmar, enda stendur aldrei til að tengja aðila máls ómaklega við það sem aðrir málsaðilar eru grunaðir um.“

Sérstakur félagsskapur

Verði pólitískum aðstoðarmanni innanríkisráðherra að ósk sinni um fangelsun blaðamanna er ljóst að slíkt hefði veruleg áhrif á stöðu prentfrelsis á Íslandi. Með slíkum dómi kæmist Ísland á lista með löndum eins og Sádi-Arabíu, Aserbaidsjan, Myanmar, Norður Kóreu, Kúpu, Egyptalandi, Sómalíu, Rússlandi og Tyrklandi sem og Bandaríkjunum svo nokkur dæmi séu nefnd. Sé stefna Þóreyjar skoðuð í ljósi þess að um er að ræða pólitískan aðstoðarmann innanríkisráðherra - ráðherra mannréttindamála - sem krefst fangelsisvistar, er ljóst að refsikrafan er nokkuð sérstök og ekki án tenginga við valdastöð sem fjölmiðlum er beinlínis ætlað að veita aðhald. 179 blaðamenn sitja í fangelsi vegna skrifa sinna í um 34 löndum um þessar mundir samkvæmt samtökum blaðamanna án landamæra. Verst er ástandið í Kína þar sem 30 blaðamenn eru í fangelsi en næst á eftir kemur Eritrea.

Vilja afnám fangelsisvistar

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu hefur um árábil barist fyrir afnámi fangelsisrefsingar vegna tjáningar. Dunja Mijatović erindreki stofnunarinnar varðandi frelsi fjölmiðla hefur gert þá baráttu að sinni síðan hún tók við embættinu árið 2010. Á síðasta ári gagnrýndi hún frumvarp innanríkisráðherra vegna hatursorðræðu gegn transfólki. Mijatović hvatti þingmenn til að hafna frumvarpinu enda gengi það gegn tjáningafrelsi með því að leiða í lög fangelsun vegna tjáningar. Þá hafa frá því að þeir komu á þing gert afnám fangelsunar vegna tjáningar að baráttumáli sínu. Innanríkisráðherra er samkvæmt frumvarpi sínu samþykkt hertum viðurlögum vegna tjáningar.

Sjálfstæðisflokkur gegn tjáningu

Í gegnum tíðina hefur Sjálfstæðisflokkurinn sýnt ýmis merki um að vilja hefta frelsi fjölmiðla og refsa fyrir tjáningu. Nefna má að árið 2006 lagði Sigurður Kári Kristjánsson, þá þingmaður Sjálfstæðisflokksins, öðru sinni fram frumvarp um hækkun miskabóta vegna ærumeiðinga. Frumvarp Sigurðar Kára gerði ráð fyrir að fangelsisvist vegna tjáningar yrði staðfest í íslenskum rétti. Fjöldi þingmanna Sjálfstæðisflokks var



Þórey Vilhjámsdóttir hefur stefnt tveimur blaðamönnum DV og krefst fangelsisdóms yfir þeim. Fullyrt var í blaðinu að hún væri „starfsmaður b“.



Gísli Freyr Valdórsson hefur verið ákærður í lekamálinu. Hann reyndist vera „starfsmaður b“.



meðal flutningsmanna þar á meðal núverandi formaður flokksins, Bjarni Benediktsson. Frumvarp þingmannsins var harðlega gagnrýnt af Eiríki Jónssyni, lagaprófessor við Háskóla Íslands sem var varaþingmaður Samfylkingarinnar á þeim tíma. Eiríkur sagði frumvarpið ekki standast nútímavíðhorf til tjáningafrelsis. Einnig má nefna að nýlega gerðu Ungir Sjálfstæðismenn kröfu um að könnuð yrði staða þeirra starfsmanna HÍ sem vöruðu við því að samþykka ekki Icesave.

Þá hefur verið gagnrýnt að þegar flokkurinn komst í ríkisstjórn að nýju voru gerðar breytingar á stjórn Ríkisútvarpsins, þar sem hin pólitísku tók voru hert að nýju, en áður hafði verið lagt til að aðrir ein stjórnmalaflokkar einir myndu tilnefna fólk í stjórn stofnunarinnar.

Einnig má nefna fjölmiðlamálið svonefnda, en það hefur af sumum verið túlkað sem atlaða að tjáningarfrelsi. Árið 2004 lagði Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, fram frumvarp um eignarhald á fjölmiðlum. Í umfjöllun ársins 2004 var ítrekað bent á að lögin beindust raunar aðeins að ákveðnu fyrirtæki, það er 365 miðla sem þá hétu Norðuljós. Alþingi samþykkti lögin, en svo fór að Ólafur Ragnar Grímsson forseti neitaði að skrifa undir þau.

Sé stefna Þóreyjar vegna umfjöllunar DV af lekamálinu skoðuð í þessu ljósi, virðist hún ekki vera í sérstakri andstöðu við viðhorf, stefnu og aðgerðir flokksins í þessum efnun undanfarin ár.

Sjúkráþjálfunin

SPORTHÚSINU

Býður Ásdís Guðmundsdóttur og Karólínu Ólafsdóttur velkomnar til starfa



Ásdís Guðmundsdóttir



Karólína Ólafsdóttir

Á stofunni starfa fyrir:

Bjarki Hjálmarsson, Elsa Sæný Valgeirsdóttir, Hildur Kristín Sveinsdóttir, Hólmfríður Þorsteinsdóttir, María Jónsdóttir og Sigrún Konráðsdóttir

Þjónusta í boði:

Úrlausn og greining stoðkerfisvandamála
Heilsustöð – stuðningur til betra lífs
Vefjagigtaklúbbur hefst í þessari viku
Heilsufarsmælingar
Fræðsla og ráðgjöf
Hreyfigreining

Hægt er að panta tíma í sjúkráþjálfun í síma 564 4067 eða senda póst á sjukrathjalfunin@sporthusid.is



Atli Þór Fanndal

Neitaði þáttöku í leka

Í stefnu Þóreyjar kemur fram að Þórey hafi í tölvupósti til Jóns Bjarka Magnússonar, annars blaðamanna DV, neitað að hafa lekið skjalinu. Það bréf var sent af hálfu Þóreyjar í nóvember árið 2013. Það er í upphafi lekamálsins en eins og ítekað hefur komið fram þá hófst málið 18. - 20. nóvember árið 2013.

Í stefnu Þóreyjar segir: „Stefndu bera því við að reynt hafi verið að ná tali af stefnanda áður en fréttin var birt, en að það hafi ekki tekist. Staðreyndin er sú að stefnandi hafði áður átt í samskiptum við stefndu vegna lekamálsins og var reynslan sú að ekki var tekið mark á afstöðu hennar, heldur snúið út úr því sem hún sagði.“

Um tölvupóstinn segir: „Þann 25. nóvember 2013 sendi stefndi Jón

Bjarki tölvupóst til stefnanda þar sem fram kom að hann hefði upplýsingar um að hún hefði sent minnisblaðið til fjölmiðla. Stefnandi svaraði þessum tölvupósti og tók fram að þetta væri alrangt. Þá áréttaði stefnandi að hún hefði aldrei afhent eða miðlað með neinum hætti persónuupplýsingum eða öðrum trúnaðargögnum sem tilheyrðu ráðuneytinu, auk þess sem hún minnti á yfirlýsingu ráðuneytisins um þetta málefni frá 22. nóvember 2013.“

Tilkynningin sem þar er vitnað til er sú fyrsta sem ráðuneytið sendi frá sér og var því þar alfarið neitaði að gögn hefðu lekið úr ráðuneytinu. Sú tilkynning var fljótt afsönnuð enda hafið yfir eðlilegan vafa að trúnaðargögnum var lekið úr ráðuneytinu. Þá vekur athygli að Þórey vitni svo langt aftur í tímann enda gefur það

til kynna að DV hafi strax á upphafsdögum lekamálsins haft upplýsingar - sem seinna reyndust rangar - sem sýndu fram á þátt Þóreyjar í málinu. Þrátt fyrir það var ekkert birt í þessa veru fyrir en í júní 2014. Það er rúmlega hálfu ári síðar, þegar blaðið taldi dómsskjöl og heimildamenn staðfesta þau. Til samanburðar má nefna að ásökun á hendur Tony Omos um mansal og persónuupplýsingar um stöðu Evelyn Glory Joseph, sem fjallað er um í minnisblaðinu sem lekið var, voru grunnurinn að forsíðufrétt Fréttablaðsins og uppsláttar á útbreiddasta fréttavef landsins Mbl.is, aðeins nokkrum klukkustundum eftir að þeim upplýsingum var lekið úr ráðuneytinu. Hvorki Tony Omos né Evelyn kannast við að haft hafi verið samband við þau vegna þeirra skrifa.

Vond heimild

Af fréttum DV að dæma má greina að fréttamenn blaðsins höfðu nokkrar ástæður til að efast um sannsögli ráðherra og hennar aðstoðarmanna. Þórey vitnar ekki aðeins til ósannar yfirlýsingar stefnu sinni til varnar heldur hafði Þórey sjálf veitt DV rangar upplýsingar. Í febrúar á þessu ári birtist frétt undir heitnu „Neita að horfast í augu við staðreyndir“ en í fréttinni eru rekin nokkur dæmi þess að ráðherra og pólitískir starfsmenn hennar hafi farið frjálsliga með staðreyndir. Í fréttinni eru rakin fimm tilvik þar sem villt var um fyrir almenningi eða blaðinu sjálfu af hálfu ráðherra og aðstoðarmanna. „Það er engin kæra á Hönnu Birnu hjá lögreglunni eða ríkissaksóknara,“ sagði Þórey til dæmis í skriflegu svari til DV, 10. janúar 2014, sama dag og ljóst var

að málið hefði verið kært. Við þetta má svo bæta að innanríkisráðuneytið sjálf hafði tilkynnt að fyrirspurnum DV vegna málsins yrði ekki svarað.

Þá hefur ítrekað komið fram að ráðherra og hennar aðstoðarmenn hafa ekki verið samstarfsfúsir við að upplýsa málið á opinberum vettvangi. Greint hefur verið frá því í DV og hér í Reykjavík vikublaði sem og fleiri miðlum að ráðherra hafi greint Alþingi rangt frá staðreyndum málsins. Þá hefur einnig verið greint frá ítekuðum tilraunum ráðherra og hennar pólitíska samstarfsfólks til að þagga niður umfjöllun um málið á þingi, í fjölmiðlum og hjá eftirlitsstofnunum. Sjálf hefur ráðherra sagt lýst málinu sem ljótum pólitískum leik. „Ég er reyndar þeirrar skoðunar og mun ekki útala mig um það fyrir en rannsókn þessa máls er lokið, að þetta sé meira en pólitískur spuni. Þetta sé talsvert ljótur pólitískur leikur vegna þess að málið snýst miklu meira um þá sem hér stendur heldur en um þann sem málið á að snúast um, sem er umræddur hælisleitandi.“

Starf blaðamanna felur í sér mat á sannleiksgildi heimilda og rök hniga að því að ráðherra og hennar pólitískir aðstoðarmenn hafi ekki reynt áreiðanlegar heimildir í málinu.

Ekki náðist í Þóreyju Vilhjálmsdóttur við vinnslu fréttarinnar.



Dunja Mijatovic erindreki Öryggis- og samvinnustofnunarinnar um fjölmiðlafrelsi. Stofnunin fylgist vel með þróun lekamálsins hérlendis.



Hanna Birna Kristjánsdóttir, innanríkisráðherra. Annar aðstoðarmaður hennar hefur verið ákærður í lekamálinu. Hinn hefur kært blaðamenn DV og krefst fangelsisdóms.
Mynd: Pressphotos.biz.



Borgaraleg fermingarnámskeið og athafnir verða á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. Ef næg þátttaka fæst verður einnig boðið upp á námskeið og athafnir í öðrum landshlutum.

Uppbyggileg fræðsla - hátíðleg athöfn.



JEPPEDEKK

Vönduð og endingargóð vetrardekk sem koma þér örugglega hvert á land sem er

Dick
CEPEK
TIRES & WHEELS

AT315 AT405



nokian
TYRES



Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | 540 4900
www.arctictrucks.is

OKKAR BAKARÍ

Skóðið úrvalið!

Flottar kökur í afmælið

- Dóra og Diego
- Skylanders
- Bratz
- Spiderman
- Star Wars
- Hulk
- Disney prinsessur
- Monster High
- Tísku Barbie
- Litla hafmeyjan
- Strumpanir og margt fleira



länbúð 2 Garðabæ 565 8070
okkarbakari.is
facebook.com/okkarbakari

MATARSÍÐA SVAVARS

svavar@islenskurmatur.is



Svavar Halldórsson

Stenst allar kröfur

Í sumar birti vefsíðan BabyCentre lista yfir vinsælustu barnanöfnin í Bretlandi. Þótt þessi listi sé auðvitað langur eru ekki birt nema hundrað vinsælustu nöfnin. Listinn er gefinn út árlega og fátt í sjálfu sér sem breytist frá ári til árs. Það bar hins vegar til tíðinda í sumar að eitt nafn hafði tekið gríðarlegt stökk upp listann – um 243 sæti. Þetta er kvenmannsnafnið Elsa, sem nú er í áttunda sæti. Vinsældir þess eru raktar til þess að aðalsöguhetjan í Disneymyndinni Frosin heitir einmitt Elsa.

Vinsælasta teiknimynd allra tíma

Frosin er ein allra vinsælasta kvikmynd sem nokkurn tíma hefur verið gerð. Engin teiknimynd hefur halað inn viðlíka tekjum – jafnvirði um 140 milljarða króna samkvæmt tölum frá í júní. Þá er ótalið allt það sem tengdur varningur, leikföng, töskur, litabækur o.þ.h. hefur skilað í buddu framleiðanda. Frosin er fimmta tekjuhæsta kvikmynd sögunnar og er enn sýnd í kvikmyndahúsum sums staðar í heiminum. En það er líka búið að gefa hana út á DVD. Diskurinn náði því að slá öll sölumet á Amazon – bara með forsöluinni. Myndin varð semsagt mest seld barnamynd á þessari stærstu verslunarvefsíðu heims, áður en hún kom út.

Hefur rakað inn verðlaunum

En það er ekki bara myndin sjálf sem rakar inn peningum. Tónlistin ein og sér hefur líka skilað sínu, með a.m.k. milljón seldum geislaþlötum og sjö milljón niðurröllum á tónlistarvefsíðunni Spotify. Þá hafa bæði myndin og tónlistin halað inn fjölmörgum verðlaunum, Óskar, BAFTA, Golden Globe og svo mætti lengi telja. Myndskeiðaáhorfin á myndbandavefsíðunni Youtube eru talin í hundruðum milljóna. Svo eru lögin úr Frosin auðvitað sungin í kórum, á leikskólum, skólum og í afmælisveislum um alla veröld.

Fellur foreldrum í geð

Myndin byggir á sögu H. C. Andersens um ísprinsessuna. Í henni er hvorki að finna alvarlegt ofbeldi eða annað sem foreldrar reyna að forða börnunum sínum frá því að sjá. Stelpur eru í stærstu hlutverkum og eru hetjur myndarinnar. Aðalpersónur myndarinnar, Elsa og Anna, eru flóknar og mannlegar og kannski skiptir það líka máli. Myndin stenst hið svokallaða Bechdel próf, en það getur gefið vísendingur um stöðu kynja í myndum. Miðað er við að tvær kvenpersónur eigi samtál um eitthvað annað en karlmann. Flestar myndir falla á prófinu en svo er ekki með þessa mynd og því hafa jafnréttissinnar um allan heim tekið myndinni opnum örmum.

Opnar leið að hjarta barnsins

Vinsældirnar eru semsagt gríðarlegar. Flest börn hér á landi hafa séð myndina og margir foreldrar líka, þ.m.t. undir-



ritaður. Hún er ágæt skemmtun, vel íslenskuð og talsett - framleiðendunum og þeirra fólki hér á landi til sóma. En slíkri velgengi fylgir líka mikil ábyrgð. Allt sem tengist Frosin kvikmyndinni á greiða leið inn í huga og hjörtu milljóna barna um allan heim. Vegna þess hversu vel þessi mynd er úr garði gerð og barnvæn – eru varnir flestra foreldra líklega stilltar á lægstu stillingu þegar kemur að myndinni sjálfri og afleiddum vörum. Þar af leiðandi er ábyrgð þeirra mikil sem búa til þennan varning.

Ábyrgð útgefanda

Nú er komin út Frosin matreiðslubók á íslensku. Útgefandi er Edda. Bókin mun líklega eiga jafn greiða leið inn að kjarna hvers íslensks barns og aðrar vörur, tónlist og fleira sem tengist myndinni. Líklegt er að bókin skauti hæglega fram hjá vörnum foreldra sem einbeita sér frekar að vernda börnin fyrir ofbeldi og klámi á alnetinu og í tölvuleikjum – frekar en að hafa varan á varðandi þær Elsu og Önnu. Fólk treystir því – út frá því sem á undan er komið, að það sem tengist kvikmyndinni sé í lagi. En standa Disney og Edda undir þessum væntingum? Matarblaðamaður náði sér í eintak af Frosin matreiðslubókinni og kannaði málið.

Titillinn lofar góðu

Matarblaðamaður rekur strax augun í að ekki er búið að íslenska vörumerkið, það stendur Frozen en ekki Frosin. En þar með eru mínusarnir nánast upp taldir. Strax á forsíðunni er greint frá því í undirtitli að í bókinni sé að finna 63 girnilegar og hollar uppskriftir fyrir alla fjölskylduna. Hollar eru hér lykilorð! Strax á blaðsíðu 6 til 9 er að finna ávarp frá Steinari B Aðalbjörnssyni næringarfræðingi hjá Matis. Þar fer hann stuttlega yfir það sem gerir mat

hollan, varar lesendur (börnin) við því að þau láti plata sig til að borða óhollustu með auglýsingapráli. Á innsíðu má svo sjá að það er enginn annar en sjálfur Siggi Hall sem á heiðurinn af uppskriftunum. Manni verður strax rórra. Bókin er líka skemmtilega uppsett með persónum úr Frosin og fallegum ljósmyndum Gassa af matnum.

Falleg og vel uppsett bók

Efnisyfirlitinu er raðað upp eftir vikudögum, kjötlausir mánudagar, léttir og auðveldir þriðjudagar o.s.frv. Við hverja uppskrift er svo gefið upp erfiðleikastig, undirbúnings- og eldunartími, hver eru nauðsynleg áhöld og . . . kaloriur, prótein, kolvetni og fita í hverjum skammti. Þetta er til fyrirmyndar! Mikið er um skemmtilegar fiskiuppskriftir - ávextir og grænmeti sýnist matarblaðamanni vera í hverjum rétti. Svo er líka einstaklega gaman að því að íslenska lambinu er gert hátt undir höfði. Af því að réttirnir eru svo sannarlega fjölbreyttir og hollir, gæti það haft jákvæð lýðheilsuáhrif að sem flest börn eignist þessa bók.

Stendur fyllilega undir væntingum . . . og rúmlega það

Frosin matreiðslubók stendur fyllilega undir væntingum . . . og rúmlega það. Í henni má sannarlega finna 63 girnilegar og hollar uppskriftir fyrir alla fjölskylduna. Uppsetning, umbrot og allur frágangur er til fyrirmyndar. Frosin matreiðslubók er frábært hjálpartæki fyrir okkur foreldra í því að fá börnin okkar til að borða hollan og fjölbreyttan mat. Aðstandendur bókarinnar standa svo sannarlega undir þeirri ábyrgð að búa til vandaða matreiðslubók í nafni vinsælustu teiknimyndapersóna heims! Bókin er heiðarleg, falleg og skemmtileg og aðstandendum til sóma!

FROST FIGHTER

Viking – þegar allra veðna er von.

100% vatnshelt

Heldur mýkt og stífnar ekki við enn lægra hitastig

Heldur fótum hlýjum í allt að -30°C

Gróft myndstur á sóla gefur gott grip

Ullarblanda í loðfóðrinu

Snjóvarnarteygja ofan á stígvéli

40% léttara en sambærilegt stígvél úr gúmmíi eða PVC

Einstaklega mjúkt




FÁST Í BLÁU, SVÖRTU, RAUÐU OG BLEIKU



**VIKING
FROST
FIGHTER**

PU stígvél (Polyurethane)
Við gerð PU myndast milljónir loftbóla inni í efninu sem einangra einstaklega vel og gerir stígvélið léttara fyrir vikið.

www.vikingfootwear.com



Sjóður til íslensku-rannsókna

Nýr styrktarsjóður, kenndur við Áslaugu Hafliðadóttur, hefur verið stofnaður við Háskóla Íslands. Markmið sjóðsins er að efla íslenska tungu með styrkjum til sérverkefna á sviði íslenskra fræða. Styrkir munu standa bæði starfsmönnum og nemendum Háskóla Íslands til boða, m.a. til rannsókna, þróunar, kennslu, þjálfunar,

nýmæla eða tækja og búnaðar sem falla að markmiðum sjóðsins, segir á vef Háskólans, en í stofnskrá hans er tekið sérstaklega fram að hugmyndin sé að „styrkja stöðu íslenskunnar í sibreytilegu tækniumhverfi“. Stofnframlag sjóðsins er samtals 120 milljónir króna.

Sjóðsstjórn skipa þau Katrín Jakobsdóttir alþingismaður en hún er formaður stjórnarinnar, Börkur Hansen, prófessor við Menntavísindasvið, og Viðar Guðmundsson, prófessor við Verkfræði- og náttúruvísindasvið, en hann er fulltrúi ættingja Áslaugar í stjórninni, en Áslaug ánafnaði Háskólanum eigin sínar.

Lesskimun í öðrum bekk grunnskólans:

66 prósent lesa sér til gagns

Lesskimun sem gerð var í grunnskólum Reykjavíkur í vor tveir þriðju nemenda í 2. bekk luku tilskildum árangri í lesskimunarprófi og teljast því samkvæmt skilgreiningu geta lesið sér til gagns. Í frásögn á vef Reykjavíkurborgar segir að sá þriðjungur sem ekki náði þessum árangri þurfi stuðning í lestri með einstaklingsáætlun eða einstaklingsnámskrá. Þessi hópur er misstór eftir skólum. Sums staðar er enginn nemandi í þessum sporum en í sumum tilvikum fjórir af hverjum tíu nemendum í árangri.

Þessar niðurstöður eru í samræmi við meðaltal þeirra sem geta lesið sér til gagns í lesskimunum undanfarið tólf ár. Raunar er hlutfall nemenda þremur prósentustigum hærra en í fyrra, en þó lægra en árin 2008-2012. Hlutfallið var lægst árið 2005, segir á vef borgarinnar.

Haft er eftir Skúla Helgasyni, formanni skóla- og frístundaráðs í frá-



sögn borgarinnar að enn megi gera betur. „Við höfum sett okkur það markmið að allur þorri barna geti lesið sér til gagns á fyrstu árum grunnskólans. Það er einmitt verkefni nýs fagraðs um eflingu lestrarfærni og lesskilnings að móta tillögur um hvernig megi ná

því marki, hvaða viðmið séu raunhæf og sömuleiðis hvort tilefni sé til að endurskoða lesskimunarprófið sem borgin hefur notað frá 2002, svo greina megi fyrir og þjónusta þau börn sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda í sínu lestrarnámi.“



Í vetrarfríinu getur verið upplagt að fara með krakkana í sund eða á safn.

Vetrarfrí grunnskólanna

Vetrarfrí verða í grunnskólum borgarinnar mánudag og þriðjudag, en vetrarfríð hófst í gær. Frístundamiðstöðvar í borginni, menningarstofnanir og fleiri bjóða upp á ýmsa dagskrá þessa daga og verður frítt fyrir fullorðna í fylgd með börnum inn á söfn borgarinnar.

Bókasöfnin í borginni, Borgarsögusafn og listasöfnin verða með margvísleg tilboð fyrir alla fjölskylduna í vetrarfríinu. Þannig verður t.d. ratleikur með rúnum í Landsnámssýningunni,

föndur á Borgarbókasafninu og stelpumenning í Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

Ratleikur verður einnig í boði í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum og í Gerðubergi verður boðið upp á sýningar. Þar verður einnig leiksýningin Langafi þakkari sýnd á morgun, sunnudag, kl. 15.00.

Fullorðnir fá í vetrarfríinu frítt í fylgd með börnum á Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstaði, Ásmundarsafn, Árbæjar-safn, Landnámssýninguna í Aðalstræti og Víkina – Sjóminjasafn.

Vilja Sunda-braut í stökk


Hverfisráð Laugardals telur að Sæbraut verði að fara í stökk eða að sambærilegar lausnir verði fundnar, í tengslum við aðalskipulagsvinnu í tengslum við Vogabyggð og Vogahverfi. Hverfisráðið segir að tryggja þurfi betri tengingar milli hverfanna, og kemur stökkahugmyndin þar inn. Auk þess segir hverfisráðið að huga þurfi vel að göngutengingum í framhaldi af Snekkjuvogi, auk þess sem þurfi að huga að formum bygginga vegna vindstrengs sem kemur niður eftir Elliðaárdal í suðaustanátt. Gera þurfi vindmælingar miðað við fyrirbyggjandi skipulagstillpungur. Sömuleiðis þurfi að mæla hávaða vegna þungaflutninga eftir Kleppsmýrarvegi. Þá þurfi að tryggja að gerðar verði viðeigandi ráðstafanir varðandi breytingar á flæði umferðar fyrir alla samgöngumáta. Ráðið hefur lýst vilja til að standa fyrir íbúafundi um þessi skipulagsmál.

Pylsu dagar

ein með öllu og kók

450 krónur

PYLSUVAGNINN LAUGARDAL



Frábært útsýni í Lionssalnum Lundi

Veislubjónusta - Veislusalur

Lionssalurinn Lundur í Auðbrekku - Salurinn tekur um 60-200 manns

Við sendum líka veitingar og útvegum alla þjónustu

Í janúar 2014 lækkuðum við alla matseðla um kr. 300-500 á mann vegna styrkingar krónunnar

Árshátíðir • Ættarmót

Jólahlaðborð • Porrablót

Afmæli • Brúðkaup • Fermingar

Ráðstefnubjónusta • Veisluráðgjöf

Cocktail .is
Veislubjónusta

Lionssalurinn Lundur • Auðbrekku 25-27 • cocktail@cocktail.is • salur.is • s. 899-8994



HEKLA **Einkaleiga**

Engin óvissa – fast mánaðargjald

Með HEKLU **Einkaleigu** gefst einstaklingum tækifæri til að aka um á nýjum bíl.

HEKLA **Einkaleiga** býður hagstætt mánaðargjald í 12 eða 24 mánuði. Þú hefur einfalda yfirsýn yfir hvað bifreiðin kostar þig mánaðarlega, kemst hjá ófyrirséðum kostnaði og getur valið leigutíma sem hentar.



Afnot, þjónusta og viðhald fyrir einstaklega hagstætt fast mánaðargjald. Í HEKLU **Einkaleigu** eru engin óvænt útgjöld, fjárbinding eða endursöluáhætta. Við lok leigu er bílnum einfaldlega skilað.



HEKLA **Einkaleiga** býður upp á nýja bíla, þjónustu og viðhald í einum pakka fyrir fast mánaðargjald.



Innifalið í HEKLU **Einkaleigu** er þjónusta og viðhald. Það þýðir að þú þarft ekki að hafa áhyggjur af óvæntum útgjöldum þegar þú ferð með bifreiðina á verkstæði, t.d. í þjónustuskoðun.

VELDU **BÍLINN!**



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði



Verðdæmi*

Tegund	Mánaðargjald frá
Volkswagen up!	47.300 kr.
Volkswagen Polo	59.900 kr.
Volkswagen Golf	79.900 kr.
Volkswagen Passat	113.600 kr.
Volkswagen Tiguan	137.200 kr.
Skoda Octavia	95.200 kr.
Skoda Yeti	133.600 kr.
Skoda Superb	129.300 kr.
Audi A1	77.400 kr.
Audi A3	115.200 kr.
Audi A6	230.000 kr.
Audi Q5	246.200 kr.
Mitsubishi Outlander	144.200 kr.

*Verðdæmi miðast við 200.000 kr. eingreiðslu í byrjun leigusamnings.

BAKSÍÐAN



Björk Þorleifsdóttir

248 krónu klúbburinn

Í mínu nærumhverfi er fólki umhugað um að standa undir væntingum ráðamanna varðandi breytingar á virðisaukaskattkerfinu hér á landi. Við erum nokkur sem tökum þetta mjög alvarlega og leggjum okkur öll fram við að bregðast ekki borgaralegum skyldum okkar. Þannig kom samstarfskona mín blaðskellandi inn á skrifstofuna í morgun, alsæl með kostakaup dagsins. Hún hafði keypt rúnnstykki, smurost og kókómjólk í bakaríi í nágrenninu og greitt fyrir heilar 245 krónur. Ef við gerum ráð fyrir að meðalmaðurinn, sem samkvæmt yfirvöldum á að eyða 750 krónum í mat á dag, borði þrjár máltíðir yfir daginn, þá átti þessi samstarfskona mín heilar 3 krónur aflögu til að bæta við annaðhvort hádegis- eða kvöldmat.

Skömmu síðar mætti samstarfsmaður minn galvaskur á skrifstofuna með rjúkandi latte af næsta kaffihúsi. Aðspurður kvað hann bollann atarna hafa kostað 540 krónur. Við hin flissuðum að flott-ræfilshættinum og bentum honum á að núna yrði hann að láta sér nægja 210 krónur fyrir bæði hádegis- og kvöldmat. Hann gæti sumsé keypt rúnnstykki og kókómjólk og skipt í tvær máltíðir en þurrt yrði brauðið að vera því ekki hefði hann efni á smurosti með.

Metið í hópnum átti þó undirrituð. Ég fór nefnilega offörum í hádegismatnum og keypti mér kjúklingabringu, bakaða kartöflu og salat fyrir heilar 1650 krónur. Tek það reyndar fram að ég fékk mér einungis vatnsglas með. Í kjúklingamáltíðartimburmönnunum seinna um daginn áttaði ég mig á því að ég væri alveg búin að klúðra mínum málum í 248 krónu klúbbnum. Til þess að bæta fyrir brot mitt er ekki um annað að ræða en sleppa kvöldmatnum í kvöld og borða svo hreinlega ekkert á morgun og raunar ekki neitt fyrr en hinn daginn og þá má hver máltíð ekki kosta meira en 217 krónur. Já, það er ekki tekið út með sældinni að vera fyrirmyndarborgari!

Hrekkjavaka 31. október

Búningar
Fylgihlutir
Borðbúnaður
Skraut
Gasblöðrur
Purrís

Komdu ef þú þorir!

PARTYBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534



BOSCH

Invented for life

Verðlækkun

Við kveðjum vörugjöldin strax í dag og lækkum verð á öllum heimilistækjum, sem bera vörugjöld, um 20% til áramóta.



BOSCH

BÚÐIN

Þetta gildir um bakstursofna, helluborð, eldavélar, uppþvottavélar, kælikápa, þvottavélar og þurrkara.

Hlíðasmára 3 www.bosch.is Sími 520 3090

REYKJAVÍK

VIKUBLAÐ

Reykjavík vikublað er dreift á öll heimili í Reykjavík í 50 þúsundum eintökum.

